

Sp.

641. Fyrirspurn

[297. mál]

til landbúnaðarráðherra um rekstrarlán til sauðfjábænda.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvað hafa rekstrarlán til sauðfjábænda undanfarin 8 ár numið stórum hluta hvert ár um sig af skilaverði við upphaf sláturtíðar fyrir heildarfjölda sláturfjár haustið eftir að lánin voru veitt?
2. Hverjar eru núgildandi reglur í þessum efnum og hver má ætla að verði í ár breytingin frá fyrra ári hvað varðar upphæð rekstrarlána sem hlutfalls af skilaverði við upphaf sláturtíðar á komandi hausti?
3. Hefur ríkisstjórnin áformað að vinna að breytingum á þeim lánareglum sem nú gilda um rekstrarlánin, og ef svo er, hvaða breytingum hyggst þá ríkisstjórnin beita sér fyrir?